

Alþingi
Erindi nr. E 139/1252
komudagur 10. 2. 2011



Allsherjarnefnd
b/t. Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. febrúar 2011.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um rannsókn á forsætisráðuneyti, fjármálaráðuneyti og viðskiptaráðuneyti (177. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreina tillögur sem felur í sér rannsókn á nokkrum ráðuneytum á tímabilinu frá ársbyrjun 2007 til loka september 2010.

Ofangreind tillaga er lagðar fram sem svar við tortryggni og efasemdum vegna atburða í aðdraganda og kjölfar hruns fjármálakerfisins.

Tillagan er lögð fram í kjölfar niðurstaðna og ályktana rannsóknarnefndar Alþingis og finna má í skýrslu hennar. Vissulega verður sá lærdómur sem fæst út úr slíkri rannsókn mikilvæg vitneskja þegar fram í sækir. Ekki verður það rengt að margt átti sér stað á síðustu árum sem ástæða er að koma í veg fyrir að endurtaki sig og því mikilvægt að gerð sé grein fyrir þeim mistökum. Hins vegar er meiri þörf á að hugsa um það sem framundan er, en ekki rýna eingöngu í því sem gerst hefur, hvernig og afhverju.

Ekki má það endurtaka sig að stöðnun verði, hvort sem litið er til stjórnvalda eða annarra þátta samfélagsins, meðan beðið er eftir niðurstöðu rannsóknar, líkt og gerðist þegar beðið var skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis síðastliðið vor. Vel þarf að gæta þess að rannsókn hafi ekki áhrif á framþróun mála meðan á henni stendur.

Sé það niðurstaða nefndarinnar að þörf sé á að rannsaka þau atriði sem ofangreind tillaga felur í sér er nauðsynlegt að sátt ríki um þá rannsókn. Með rannsóknnum sem þessum er leitast við að varpa ljósi á ákveðna atburði og eyða þeirri tortryggni sem einkenna umhverfið í dag. En til þess að unnt sé að eyða umræddri tortryggni og byggja traust á niðurstöðu slíkrar rannsóknar er nauðsynlegt að nefndin sé skipuð með þeim hætti að henni sé treyst. Hægt væri að gera rannsóknir á rannsóknir ofan um ókomna tíð um öll þau atriði sem tortryggni ríkir um og draga þarf fram í dagsljósið, en það er til einskis ef niðurstöðu slíkra rannsókna er ekki treyst.

Virðingarfyllst,

Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands